

**NEFND UM EFTIRLIT  
MEÐ LÖGREGLU**  
Borgartúni 29, 105 Reykjavík  
Sími: 545 8800. Bréfasími: 5458051  
Netfang: nel@nel.is

Reykjavík 4. mars 2024

Efni: Umsögn við frumvarp dómsmálaráðherra til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu), þingskjal 1058 -707. mál.

Nefnd um eftirlit með lögreglu vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 22. febrúar sl. Er þess farið á leit að nefndin veiti umsögn um frumvarp dómsmálaráðherra til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu), þingskjal 1058 -707. mál.

Frumvarpið var fyrst lagt fram á 153. löggjafarþingi, þingskjal 677, 535. mál, en er nú lagt fram í breyttri mynd og hefur greinargerð frumvarpsins tekið breytingum.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og er það mat nefndarinnar að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu séu til bóta. Auk þess átti formaður nefndarinnar fund með fulltrúa ráðuneytisins til að fara yfir fyrri gagnrýni nefndarinnar.

Nefndin gerir nú þær athugasemdir við b. lið 1. gr. frumvarpsins að gæðastjóri lögreglu þarf að hafa bolmagn til að hafa sérstaka trúnaðarmenn sér til aðstoðar til að sinna gæðaeftirliti eða innra eftirliti. Því þarf að huga að því við fjármögnun gæðaeftirlits lögreglu. Tryggja þarf að fjármagni til gæðastjóra sé úthlutað frá dómsmálaráðuneytinu en komi ekki af hlut lögreglunnar sem ríkislögreglustjóri úthlutar.

Þá bendir nefndin á að huga þurfi að nýju húsnæði fyrir Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu. Nefndin er í ófullnægjandi húsnæði, með eitt herbergi til afnota og þarf að nýta fundaraðstöðu í húsnæði dómsmálaráðuneytisins í öðru húsi. Tryggja þarf raunlægt öryggi með betri hætti í aðstöðu nefndarinnar með tilliti til þeirra gagna sem nefndin geymir. Þá er nauðsynlegt að sjálfstæð nefnd sé ekki háð fundaraðstöðu annarra. Tryggja þarf að fjármagni til nefndarinnar sé úthlutað frá dómsmálaráðuneytinu en komi ekki af hlut lögreglunnar sem ríkislögreglustjóri úthlutar.

Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

Nefndin vill hins vegar koma eftirfarandi ósk á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd:

Samkvæmt 6. mgr. 35. gr. a lögreglulaga er ríkissaksóknara, héraðsaksóknara og lögreglustjórur, þ.m.t. ríkislögreglustjóra, skylt að afhenda nefndinni þær upplýsingar sem hún þarf til að sinna starfsskyldum sínum. Ákvæðið er afdráttarlaust. Þrátt fyrir ákvæðið hefur lögreglan, skv. fyrirmælum ríkissaksóknara ekki afhent nefndinni gögn í ákveðnum málum þar sem málin eru í rannsókn. Það skal athugast að fyrirmæli ríkissaksóknara víkja fyrir fyrirmælum laga. Nefndin hefur hins vegar skilning á því að lögreglan afhendi ekki gögn í stórum og flóknum sakamálum er varða skipulagða

brotastarfsemi, manndráp o.s.frv. Yfirleitt varða hins vegar kvartanir til nefndarinnar lítinn hlut í slíkum málum og afhending gagna hefði haft engin áhrif í málinu. Nefna má hins vegar sem dæmi að nefndinni hefur verið synjað um gögn í máli sem varðaði smávægilegt umferðarlagabrot þar sem málið var í rannsókn.

Samkvæmt 2. málsl. 7. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga er nefndin einnig bundin þagnarskyldu um efni gagna og upplýsingar sem hún fær frá ákærvalds- og löggæsluembættum á sama hátt og starfsmenn þeirra embætta.

Til að auka traust á milli lögregluembætta og ákærvalds annars vegar og nefndarinnar hins vegar og koma í veg fyrir að reynt verði að fá gögn frá lögreglu í gegnum nefndina er þess farið á leit að allsherjar- og menntamálanefnd hlutist til að gera eftirfarandi breytingar á 35. gr. a. lögreglulaga:

Á eftir 7. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Nefndinni er óheimilt skv. beiðni skv. stjórnslutölum eða upplýsingalögum að afhenda gögn sem upprunnin eru hjá lögreglu eða ákærvaldi. Beiðnum um afhendingu slíkra gagna skal beint til viðkomandi lögregluembættis eða ákærvalds. Ef beiðni berst Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu um gögn sem upprunnin eru frá henni sjálfri er henni óheimilt að afhenda gögnin ef málinu er ólokið í réttarvörslukerfinu að undanskilinni ákvörðun í málinu.

Ofangreind breyting er frábrugðin þeim reglum sem gilda í dag við afhendingu gagna. Lögreglan er hins vegar betur í stakk búin í að meta hvort rétt sé að synja eða hvort þörf sé á að yfirstrika yfir meira en aðeins persónugreinanlegar upplýsingar áður en upplýsingar eru afhentar. Þá er það mat nefndarinnar að þessi regla myndi skapa ró á milli aðila sem í hlut eiga. Sér í lagi verði frumvarpið sem hér er til umfjöllunar að lögum enda er líklegt að viðkvæmari mál komi inn á borð nefndarinnar í kjölfar lagabreytinganna.

Nefndin veltir því einnig upp hvort nefndarmenn og starfsmenn nefndarinnar ættu að vera öryggisvottaðir.

Reykjavík, 4. mars 2024

f.h. nefndarinnar

Skúli Þór Gunnsteinsson, formaður